

| | |
|------------|--------------------------|
| Tillaga | A 2051/UHN |
| Flytjandi | Flokkahópur miðjumanna |
| Afgreiðsla | Norræna sjálfbærinefndin |

A 2051/UHN Þingmannatillaga um norrænt samstarf um umbúðareglugerð ESB

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

- að þær vinni í sameiningu gagnvart framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að því að ákvæði 29.18 gr. í reglugerð ESB um umbúðir og umbúðaúrgang (PPWR) taki fremur mið af því að lágmarka loftslagsspor með endurvinnslu efna en að leggja áherslu á endurnotkun drykkjarumbúða í þeim aðildarríkjum sem traustar upplýsingar um umhverfis- og kostnaðaráhrif hafa sýnt fram á að slík nálgun skili meiri efnahagslegum og þjóðhagslegum ávinningi en endurnotkun,
- að þær sjái til þess að viðurkennt verði að hin afar skilvirku norrænu endurvinnslukerfi drykkjarumbúða standist samjöfnuð eða teljist skara fram úr hringrásarlausnum með tilliti til endurnotkunarkrafna 29.6 gr. PPWR eða að norrænu löndin sækji um undanþágu fyrir endurvinnslutilhögun sína, og
- að þær stuðli að því að framkvæmd PPWR samræmist meginreglum um meðalhóf, einföldun og skilvirkt innra (stafræns) markaðskerfi, einkum með skírskotun til bolmagns lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Bakgrunnur

Tilgangur reglugerðar ESB um umbúðir og umbúðaúrgang (Packaging and Packaging Waste Regulation, PPWR) er að draga úr úrgangi, efla hringrásarhagkerfið og stuðla að uppfyllingu loftslagsmarkmiða sambandsins. Hún tiltekur bindandi markmið um endurnotkun ákveðinna umbúða, þar á meðal drykkjarumbúða, samkvæmt ákvæðum 29.6 gr. Eigi að síður er samkvæmt grein 29.18 unnt að veita undanþágur, færi aðildarríki sönnur á að aðrar lausnir skili betri umhverfis- og efnahagslegum árangri.

Norðurlandabúar hafa um langt skeið búið við árangursrík, landsdekkandi og stöðluð skilagjaldskerfi (Deposit Return Systems, DRS) fyrir einnota drykkjarumbúðir. Þessi kerfi hafa hátt söfnunar- og endurvinnsluhlutfall og skila hágæða efni úr endurvinnslu í lokuðum hringrásarkerfum. Kerfin ná til allra framleiðenda á markaðnum og eru að fullu samþætt fyrirbyggjandi flutnings- og dreifingarskipulagi.



Nýjar líftímarannsóknir í Danmörku sýna að endurvinnsla í tengslum við skilagjaldskerfið hafi síður loftslagsáhrif við danskar aðstæður heldur en endurnotkun. Athuganir í Noregi og Svíþjóð skiluðu sambærilegum niðurstöðum. Því kunna skyldubundnar endurnotkunarkröfur að vinna gegn almennum umhverfis- og loftslagsmarkmiðum reglugerðarinnar í löndum sem ráða nú þegar yfir afar skilvirkum endurvinnslukerfum.

Yrði samhliða farið fram á stórvirkt endurnotkunarfyrirkomulag drykkjarumbúða hefði það í för með sér mikil útgjöld vegna uppbyggingar nýrra innviða fyrir söfnun, flokkun, hreinsun, birgðahald og öfugt flutningsferli, auk viðbótarflutninga, meiri mengunar og umtalsvert hærri kostnaðar, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki. Bráðabirgðaáætlanir norrænna framleiðenda sýna að fjárfestingar þessara fyrirtækja hlýpu á 670 þúsund til 1070 þúsund evra fyrir utan reglulegan rekstrarkostnað.

Þar við bætast álitamál um virkni innri markaðarins. Drykkir eru seldir og þeirra neytt í stórum stíl þvert á landamæri. Byggist kerfið umfram allt á endurnotkun kann það að valda auknum millilandaflutningum með tómar umbúðir án fullvissu um að þeim verði skilað til viðeigandi framleiðanda og í framhaldi af því kann það að valda frekari loftslagsáhrifum og viðskiptahindrunum.

Í þessu ljósi virðist grein 29.18 ráða miklu um að PPWR verði beitt þannig að metnaðarfull markmið um umhverfisvernd séu virt og tillit tekið til forsendna innanlands sem og hringrásarkerfa sem nú þegar skila góðum árangri. Sameiginlegt norrænt átak í þessu máli gæti stuðlað að auknum skýrleika og réttaröryggi, auk þess að koma í veg fyrir að framsækin norræn ríki þurfi að ráðast í kostnaðarsama aðlögun eða víkja frá loftslagsmarkmiðum sínum við innleiðingu ESB-reglna um umbúðir.

Ósló, 16. apríl 2026

Sandra Sigurðardóttir (V)
Krista Mikkonen (grænum)
Rebecka le Moine (MP)
Oda Indgaard (MDG)
Eva Biaudet (sfp)
Kjell-Arne Ottosson, (KD)
Markku Siponen (cent)
Geir Inge Lien (Sp)

Jouni Ovaska (cent)
Lars-Christian Brask (LA)
Halla Hrund Logadóttir (F)
Johan Dahl (Sb)
Sandra Listherby (Lib)
Catarina Deremar (C)
Jonas Andersen Sayed (Krf)